

Tunguskógar

Skógræktarfélag Ísafjarðar

Tungudalur gengur inn af Skutulsfirði. Í skjólgóðum dalnum er mikil veðursæld og ber gróðurinn pess glögg merki. Bærinn Tunga, sem talin er landnámsjörð, stendur í mynni dalsins. Gróðursetning hófst í Tunguskógi árið 1950. Mest var plantað innan Bunár árin 1955-1965 en síðar út með hlíðinni ofan sumarhúsabyggðarinnar. Landið er að hluta til bratt og grýtt og hefur verið erfitt til ræktunar.

Trjágróðurinn hefur þó náð góðum þroska í hlíðum dalsins og þar er nú einn vöxtulegasti skógur Vestfjarða. Sitkagreni og hvítsitkagreni hefur vaxið sérstaklega vel, en einnig eru teigar með stafafuru, síberíulerki og rauðgreni í skóginum.

Grisjun skógarins hófst um 1980. Lagðir hafa verið stígar um skóginn og er hann nú opinn og aðgengilegur.

Tungudalur er fjölsött útvistavæði. Þar eru tjaldstæði, golfvöllur, sumarbústaðalönd og skíðasvæði.

Löngum hefur verið vinsælt að fara "inn í Skóg" á sumrin til útvistar, berja- og svepatínslu. Skóginn í Tungudal er áhugavert að heimsækja allan ársins hring.

Skógræktarfélag Ísafjarðar er öflugur félagskapur áhugafólks um skógrækt og gróðurvernd í Skutulsfirði.



Velkomin í skóginn


Göngustígar

- ca. 590 m
- ca. 240 m
- ca. 970 m
- ca. 190 m
- Slóði

- Borð og bekkur
- Bílastæði
- Trjásafn
- Grill
- WC
- Golf

- Upplýsingar
- Útsýni
- Tjaldstæði
- Salerni
- Gönguskíðabraut

Pú ert hér



Skógræktarfélag Íslands, Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími 551-8150, skog@skog.is, www.skog.is

GÖNGUM VEL UM GRÓIÐ LAND

